



Reykjavík 20. október 2021

Flugfreyjufélag Íslands skorar á Bláfugl og Samtök atvinnulífsins að standa við gildandi kjarasamning og virða niðurstöðu Félagsdóms.

Flugfreyjufélag Íslands telur að með framgöngu Bláfugls og Samtaka atvinnulífsins vegna uppsagna félagsmanna FÍA, sem nú hafa verið dæmdar ólögðar, séu aðilar að gera alvarlega atlögu að grundvallarréttindum launþega og samstarfi aðila vinnumarkaðarins.

FFÍ áréttar enn og aftur sameiginlega yfirlýsingu frá 17. september 2020 sem SA voru aðilar að, þar sem kemur fram að aðilar séu sammála um að fara eftir leikreglum og lögum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Fyrir hönd stjórnar FFÍ
Guðlaug Líney Jóhannsdóttir - formaður

Hlekkur á sameiginlega yfirlýsingu af vefsíðu ASÍ:

<https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/sameiginleg-yfirlýsing-asi-ffi-sa-og-icelandair/>